

# ÍÐAREGLUR MARKÞJÁLFA HJÁ ICF ICELAND

## /ICF GLOBAL

### Fyrsti hluti: Skilgreiningar

Markþjálfun: Markþjálfun grundvallast á ögrandi og skapandi samvinnu við viðskiptavinum sem hvetur þá til að hámarka persónulega og starfstengda hæfileika sína og tækifæri.

Meðlimir ICF, sem stunda markþjálfun á Íslandi, samþykkja að stunda starf sitt í samræmi við grunnhæfniskröfur félagsins og heita að hlíta siðareglum þess.

Faglegt markþjálfunarsamband er til staðar þegar markþjálfunin byggist á samkomulag (þar með talið samningi) sem skilgreinir ábyrgð hvers aðila um sig.

Til að skýrgreina hlutverk aðila í markþjálfunarsambandi þarf iðulega að greina milli viðskiptavinar og kostunaraðila. Oftast er viðskiptavinur og kostunaraðili sami einstaklingurinn og er þá einungis talað um viðskiptavin. En til að unnt sé að bera kennsl á hin ólíku hlutverk skilgreinir ICF þau á eftirfarandi hátt:

Viðskiptavinur: Sá einstaklingur sem undirgengst markþjálfunina.

Kostunaraðili: Sá aðili (og fulltrúar hans) sem greiðir fyrir markþjálfunina og/eða sér um að hún standi til boða. Í samningi um markþjálfun skal ætíð kveðið skýrt á um réttindi, hlutverk og skyldur bæði viðskiptavinar og kostunaraðila, séu þeir sitt hvor aðilinn.

Nemandi: Sá einstaklingur sem er í markþjálfunarnámi eða undir handleiðslu markþjálfna til að öðlast og/eða efla færni sína sem markþjálfni.

Hagmunaárekstur: Hverjar þær aðstæður þar sem markþjáfla hefur einhvern persónulegan ávinning sem svo hefur áhrif á tilgang hans sem markþjálfna og fagaðila.

# Annar hluti: Siðareglur ICF

## Kafli 1: Almennt um faglega framgöngu

Sem markþjálfari mun ég:

- 1) Sýna af mér hegðun sem samræmist siðareglum ICF í öllum mínum samskiptum, það á við um markþjálfun, kennslu markþjálfunar, handleiðslu markþjálfara og utanumhaldi.
- 2) Skuldbind mig til að bregðast við á viðeigandi hátt gagnvart markþjálfara, kennara eða handleiðara og/eða hafa samband við ICF verði ég var við brot eða mögulegt brot á siðareglum hvort sem það snertir mig eða aðra.
- 3) Kynna skyldur þær sem siðareglurnar kveða á um innan skipulagsheilda, gagnvart starfsfólki, kostunaraðilum, markþjálfum og öðrum sem þurfa að þekkja þær.
- 4) Forðast ólögmdæta mismunun í gerðum mínum í starfi, þar með talið tengt aldri, kynþætti, þjóðerni, uppruna, kynhneigð, trúarbrögðum eða fötlun.
- 5) Setja fram í ræðu og riti eingöngu það sem satt og rétt er um hvað ég geri sem markþjálfari og það sem tengist faginu og ICF
- 6) Gera nákvæma grein fyrir starfshæfni minni, sérfræðikunnáttu og reynslu sem markþjálfari, sem og viðurkenndum réttindum mínum og vottunum.
- 7) Virða störf og framlag annarra og aðeins eigna mér mín eign gögn og framlag. Ég skil að brot á þessari reglu geti leitt til lögsóknar af hálfu þriðja aðila.
- 8) Ætíð leitast við að greina persónuleg málefni sem gætu skert, brotið í bága við eða truflað störf mín sem markþjálfari eða fagleg sambönd á því sviði. Krefjist staðreyndir eða kringumstæður þess, mun ég strax leita faglegrar aðstoðar og gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal ákveða hvort rétt sé að rjúfa markþjálfunarsamband/sambönd
- 9) Ætíð halda í heiðri siðareglur FMÍ er ég gegni hlutverki markþjálfara, leiðbeinanda, handleiðara eða stjórnanda í markþjálfun.
- 10) Kynna niðurstöður rannsókna minna af fagmennsku og heiðarleika og fylgja í hvívetna viðurkenndum reglum í vísindum. Rannsóknir mínar mun ég stunda með samþykki eða heimild þeirra sem málið varðar og á þann hátt að þátttakendur séu sem best verndaðir gegn mögulegu tjóni. Allar rannsóknir skulu vera í samræmi við lög þess lands þar sem þær eru stundaðar.
- 11) Viðhalda, varðveita og eyða gögnum er varða starf mitt sem markþjálfari, þar á meðal rafræn gögn og samskipti, þannig að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt og viðeigandi lögum og samþykktum sé fylgt.
- 12) Einungis nota upplýsingar um félagi í ICF (netföng, símanúmer o.þ.h.) á þann hátt og að því marki sem ICF heimilar.

## Kafli 2: Hagsmunaárekstrar

Sem markþjálfí mun ég:

- 13) Leitast við að vera vakandi fyrir raunverulegum og mögulegum hagsmunaárekstrum og upplýsa þá séu þeir til staðar og þjóðast til að draga mig úr þeim aðstæðum sem skapa slíka hagsmunaárekstra.
- 14) Skýra hlutverk innri markþjálfá, setja mörk og skilgreina í samvinnu við hlutaðeigandi mögulega hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli þess að vera markþjálfí og annarra hlutverka
- 15) Greina viðskiptavinum mínum og kostunaraðila viðkomandi frá hvers kyns þóknun frá þriðja aðila sem ég kann að hljóta eða greiða fyrir vegna tilvísunar til þriðja aðila.
- 16) Virða réttmætt markþjálfunarsamband óháð eðli eða formi þóknunar

## Kafli 3: Faglegt samband við viðskiptavinum

Sem markþjálfí mun ég:

- 17) Segja viðskiptavinum, mögulegum viðskiptavinum eða kostunaraðilum satt og rétt frá um vænt virði og árangur sem markþjálfunin skilar og ég sem markþjálfí geri.
- 18) Tryggja, ýmist fyrir eða á fyrsta fundi, að viðskiptavinur minn og kostunaraðili/aðilar skilji eðli markþjálfunar, eðli og mörk trúnaðar, fjárhagslegar ráðstafanir og aðra skilmála markþjálfunarsamningsins.
- 19) Gera skýran markþjálfunar samning við viðskiptavina mína og kostunaraðila í upphafi markþjálfunarsamband og virða þann samning. Samningurinn nær yfir hlutverk ábyrgð og rétt þeirra sem að samningnum koma.
- 20) Taka ábyrgð á því að setja skýr og viðeigandi mörk, sem taka tillit til ólíkra þjóðfélagshópa og menningarheima, í öllum samskiptum mínum við viðskiptavinum eða kostunaraðila.
- 21) Forðast það að eiga í kynferðislegu- eða rómantísku sambandi við núverandi viðskiptavinum, kostunaraðila, þá sem ég kenni, handleiði eða stjórna. Auk þess, til að tryggja öruggt umhverfi, mun ég bregðast við á viðeigandi hátt ef verð vör við mögulega kynferðislega nánd á milli þeirra sem vinna fyrir mig, starfsfólk eða aðstoðarfólk,
- 21) Virða rétt viðskiptavinarins til að rjúfa markþjálfunarferlið hvenær sem er, í samræmi við samningsákvæði. Ég skal vera vakandi fyrir merkjum um að viðskiptavinurinn kunni ekki lengur að hafa hag af markþjálfunarsambandinu.
- 23) Hvetja viðskiptavinum eða kostunaraðila til að leyta þjónustu annars markþjálfá eða annarra fagaðila telji ég það þjóna hagsnunum viðkomandi betur og sé viðeigandi eða nauðsynlegt.

## Kafli 4: Trúnaður og þagmælska

Sem markþjálfí mun ég:

- 24) Halda í hvívetna trúnað um upplýsingar frá viðskiptavinum og kostunaraðilum, nema lög krefjist annars.
- 25) Gera skýrt samkomulag um hvernig upplýsingum er markþjálfunina varða, er miðlað milli markþjálfna, viðskiptavinar og kostunaraðila.
- 26) Sem markþjálfí, kennari eða handleiðari, bæði við viðskiptavini, kostunaraðila, þá sem ég kenni, handleiði eða stjórna mun ég hafa skýrt samkomulag um þær aðstæður í starfi mínu þar sem trúnaðarskilda á ekki við (ólögmætt athæfi, stefna, bráð eða líkleg hættu gagnvart sjálfum sér eða öðrum). Ég mun tryggja að þessir aðilar samþykki og viti af þessum takmörkunum á trúnaði þar sem ég hef rökstuddan grun um að einhverjar af ofangreindum aðstæðum eigi við og ég þurfi að upplýsa viðeigandi yfirvöld.
- 27) Tryggja að allir þeir sem starfa eða tengjast markþjálfunarferlinu á mínum vegum, undirgangist siðareglur ICF, númer 26, kafla 4 um trúnað og þagmælsku sem og siðareglurnar í heild sinni eftir því sem við á.

## Kafli 5: Endurmenntun

Sem markþjálfí mun ég:

- 28) Skuldbinda mig til að sinna þeim þörfum sem snúa að endur- og símenntun til að efla hæfni mína.

## Þriðji hluti: Heit ICF um siðlega hegðun

Sem markþjálfí heiti ég því að virða siðrænar og lagalegar skyldur mínar gagnvart viðskiptavinum mínum, kostunaraðilum, öðrum markþjálfum sem og gagnvart almenningi. Ég heiti því að halda í heiðri siðareglur ICF og virða þau viðmið gagnvart viðskiptavinum mínum, þeim sem ég kenni, handleiði eða stjórna.

Rjúfi ég heit mitt eða brjóti siðareglur ICF samþykki ég að félagið geti krafist mig til ábyrgðar. Ég samþykki enn fremur að gerist ég brotleg(-ur) við siðareglur félagsins skv. úrskurði siðanefndar, geti ábyrgðarskylda mín gagnvart FMÍ leitt til þess að mér verði vísað úr félaginu og/eða tapi ICF vottun.

(03/02/2019)

í grunninn er skjal þetta byggð á: Íslensk þýðing úr ensku frá ICF ásamt staðfæringum. Leiðtogi ehf., Humus ehf., Karl Benediktsson o.fl. – en viðbætur og uppfærsla með það að markmiðið að siðareglur ICF Ísland séu að öllu leyti eins og siðareglur ICF Global /útg júní 2015- Sigríður Ólafsdóttir)